

4. fundur stjórnar AP, starfsárið 2017-2018

haldinn að Fjarðarvegi 3 á Þórshöfn föstudaginn 15. desember 2017 kl. 10:00

Mætt: Arnar Guðmundsson, Guðmundur Vilhjálmsson, Elías Pétursson, og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Aðalsteinn Á Baldursson boðaði forföll og varamenn höfðu ekki tók á að mæta.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

1. Nýr samningur Byggðastofnunar og atvinnuþróunarfélaganna 2018-2022

Farið var yfir samningsdrög sem samþykkt hafa verið í stjórn Byggðastofnunar og helstu breytingar frá gildandi samningi. Að umræðu lokinni var samningurinn samþykktur samhljóða og framkvæmdastjóra veitt umboð til að undirrita hann f.h. félagsins.

2. Starfsáætlun 2018

Samþykkt að fresta afgreiðslu starfsáætlunar til næsta fundar stjórnar sem áformaður er 17. janúar n.k.

3. Starfsmannamál

- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að Jóna Matthíasdóttir hafi sagt upp störfum en hún hefur verið í launalausum leyfi.
- Rætt um stöðu starfsmannamála útfrá þeirri stöðu sem við blasir. Fyrir liggur að Norðurþing er að skoða með hvaða hætti fram verður haldið því starfi sem unnið hefur verið á Raufarhöfn undir merkjum Brothættra byggða. Til álita getur komið samstarf við félagið um það starf sem gæti þá jafnframt nýst til að styrkja starfsemi þess á austurhluta starfssvæðisins. Stjórnin er jákvæð fyrir því að félagið nýti þau tækifæri sem því tengjast og felur framkvæmdastjóra að ræða þau mál við Norðurþing og leggja niðurstöðurnar fyrir stjórn til afgreiðslu.
- Frekari ákvarðanir í starfsmannamálum taki m.a. mið af þeim niðurstöðum en stjórnin er þeirrar skoðunar að megin reglan eigi að vera að auglýsa laus störf. Framkvæmdastjóra þó falið að skoða málið leggja fram tillögur sínar um næstu skref til afgreiðslu stjórnar þegar allar forsendur liggja fyrir. Sif Jóhannesdóttir vék af fundi undir þessum umræðupunkti.

4. Slitareikningur Vaxtarsamnings Norðausturlands

Fyrir liggur slitareikningur Vaxtarsamnings Norðausturlands pr. 30.11.2017 unnin af PwC. Engar eignir né skuldir standa eftir en óráðstafað eigið fé hefur verið fært til Eyþings skv. samningum við ríkisvaldið þess efnis að uppbyggingarsjóðir landshluta taki við eignum og skuldbindingum vaxtarsamninga.

Slitareikningurinn áritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

5. Breyting á rekstrarformi félagsins – staða mála

Lögð fram tillaga sameiginlegs vinnuhóps félagsins og HNP bs. um breytingu á rekstrarformi félagsins í sjálfseignarstofnun sem taki gildi frá og með næstu áramótum. Fyrir liggur samþykkt fulltrúaráðs HNP bs. á tillögunni sem jafnframt fól framkvæmdastjórn að útfæra breytingarnar.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að unnið væri að því að fá fullvissu um að slík sjálfseignarstofnun væri undanþegin tekjuskattskyldu. Um það er að ræða að stofna sjálfseignarstofnun í atvinnurekstri skv. leiðbeiningum stjórnvalda en ekki sjálfseignarstofnun með staðfesta skipulagsskrá eins og gert hafði verið ráð fyrir. Gert er ráð fyrir að niðurstaða muni liggja fyrir innan tíðar.

Stjórn mun taka endanlega afstöðu til málsins þegar þær upplýsingar liggja fyrir og boða þá til hluthafafundar til afgreiðslu málsins.

6. Finnaþjarðarverkefnið

Elías Pétursson gerði grein fyrir framvindu og stöðu verkefnisins sem unnið er í samstarfi Langanesbyggðar og Vopnaþjarðarhrepps. Í ljósi stöðu þess og umfangs telur stjórnin eðlilegt að félagið komi að því og felur framkvæmdastjóra að útfæra þá aðkomu í samstarfi við sveitarfélögin.

7. Önnur mál

- Guðmundur Vilhjálmsson spurði um verkefni varðandi kortlagningu smávirkjana á starfssvæði Eyþings í ljósi bókunar Óla Halldórssonar í byggðaráði Norðurþings. Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir því að bókunin hefði ekki áhrif á framkvæmd verkefnisins, sem áður hafði verið afgreitt í stjórn Eyþings, en um er að ræða skilgreint verkefni í Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2015-2019 sem atvinnuþróunarfélögunum er falin ábyrgð á að framkvæma.
- Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir vinnu vinnuhóps sem skipaður var sl. vor um málefni Bakkafjarðar með aðkomu félagsins, sveitarfélagsins, íbúa á Bakkafirði, Byggðstofnunar og þingmanna kjördæmisins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:15

Að fundi loknum var fiskimjölsverksmiðja Ísfélags Vestmannaeyja (ÍV) skoðuð undir leiðsögn Rafns Jónssonar verksmiðjustjóra. Að skoðun lokinni var farið yfir stöðu raforkumála á svæðinu útfrá möguleikum til rafvæðingar verksmiðjunnar með þeim Rafni og Siggeiri Stefánssyni reskstrarstjóra ÍV á staðnum. Ljóst er að núverandi staða útilokar rafvæðingu hennar og felur í sér mikla samkeppnisskerðingu verksmiðjunnar gagnvart samkeppnisaðilum.